



Íslensk málnefnd

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2016

14. nóvember 2016

Íslensk málnefnd er skipuð af menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls. Í lögum er kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum íslensks þjóðlífs og enn fremur að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skuli þau sjá til þess að hún sé notuð. Eitt af hlutverkum íslenskrar málnefndar er að álykta árlega um stöðu tungunnar. Hér fer á eftir ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2016.

Íslenska í stafrænum heimi

Staða og horfur

Fjarskiptabylting seinustu áratuga hefur gjörbreytt heiminum. Á öld hnattvæðingar hafa gáttir opnast og samskiptahættir breyst. Aukin samskipti heimshorna á milli eru fagnaðarefni en geta þó reynst varasöm fyrir tungumál sem fáir nota. Íslenska er slíkt tungumál; íslenska málsamfélagið er eitt fámennasta fullburða málsamfélag í heiminum og mun ekki þrífast án mikils og vaxandi opinbers stuðnings. Baráttu fyrir vexti og viðgangi íslenskunnar þarf að heyja á mörgum vígstöðvum; ekkert eitt úrræði dugir til. Huga þarf sérstaklega að nýju stafrænu umhverfi og þeim veruleika að nútímamenn verja drjúgum hluta tilveru sinnar á netinu.

Sem örmál er íslenska vitaskuld ekki mjög áberandi á netinu. Hlutur hennar er þó rýrari en hann þyrfti að vera þar sem fátt hefur verið um skipuleg átaksverkefni til að nýta fræðslumöguleika netsins til fullnustu. Það er enn heldur fátt á netinu um vandað fræðsluefni þar sem íslenska er nýtt, borið saman við þau ókjör af góðu efni sem þar er að finna á öðrum tungumálum. Íslenskir málfarar eru því iðulega knúnir til að leita fræðslu á erlendum málum og

finnst jafnvel þægilegra að rita og tala um ýmis efni á öðrum tungumálum, til dæmis ensku, en á íslensku.

Efni skortir um íslenska tungu á netinu, aðgengilegar orðabækur, alfræðirit og vandaða íslenska texta úr fortíð og nútíð. Það vandaða efni sem þó er þar að finna blasir ekki í öllum tilvikum við hinum almenna netnotanda og ráða þarf bót á því. Margt úrvalsefni á íslensku finnst þannig á netinu ef vel er leitað af kunnáttufólki en er ekki nægilega sýnilegt fyrir þorra íslenskra málhafa og aðra áhugamenn um íslensku, þar á meðal börn og ungmenni sem þurfa öllum öðrum fremur á því að halda að alast upp við íslensku á netinu.

Andvaraleysi ríkir um þennan vanda. Rafbókavæðingin hefur farið hægt af stað hér á landi og það gæti valdið því að íslenskir lesendur sem nýta sér í auknum mæli stafrænar bækur veldu lesefni á erlendum málum sem þeir geta lesið sér til gagns og skemmtunar fremur en íslensku. Hið sama gildir um alls konar fræðsluefni um dægurmál, landafræði, sögu og fleiri málaflokka. Með örfáum undantekningum (þar má nefna Vísindavefinn) er tiltækt efni á erlendum málum og jafnvel léttara að fræðast um sjálft Ísland á erlendum málum á netinu en íslensku. Þó að mörg vönduð verkefni séu til, sum að frumkvæði einkaaðila en önnur opinberra stofnana, er ástæða til að auglýsa eftir kröftugri átaksverkefnum til að auka fræðslu á íslensku á netinu. Hér er einkum átt við efni frumsamið á vandaðri íslensku en mikilvægt er um leið að hafa í huga möguleika máltækninnar. Hún gæti veitt mikilvægan stuðning við það verkefni sem er fyrir höndum: að auka hlut íslenskunnar á netinu.

Rétt er rifja upp sögu íslenskrar tungu á 19. og 20. öld. Staða hennar er eðli málsins samkvæmt veik vegna fárra málhafa en tungumálið hefur þó reynst þrautseigara en ella vegna opinbers stuðnings. Íslenskan hefur átt sér bakhjarl í stjórnkerfinu og sá bakhjarl má ekki linast í stuðningi sínum. Frægt er þegar Rasmus Christian Rask taldi dauða íslenskunnar blasa við árið 1813 „ef allt fer eins og hingað til og ekki verða rammar skorður við reistar“. Í kjölfarið voru einmitt rammar skorður við reistar og jafnvel mætti fullyrða að íslenskan hafi eignast annað blómaskeið sitt, þökk sé hugsjónamönnum og ríkum almennum vilja sem tengdist sjálfstæðisbaráttunni. Núna er sjálfstæði Íslands álitid sjálfsagður hlutur og um leið taka menn því sem gefnu að íslensk tunga muni áfram vaxa og dafna. Ekki er þó hægt að ganga út frá því sem vísu. Nú þarf samsvarandi átak og á dögum Rasks, ekki síst í hinum stafræna heimi þar sem nútímamaðurinn eyðir drjúgum hluta tíma síns.

Aðgerðir

Aðgengi er lykillugt þegar rætt er um stöðu íslensku í stafrænum heimi. Íslensk málnefnd vill í því sambandi ítreka mikilvægi máltækninnar sem nefndin og fleiri hafa vakið athygli á seinustu misserin. Tölvutæknin er í örri þróun og íslensk tunga þarf að vera með í þeirri þróun. Stjórnvöld verða að láta athafnir fylgja þeim góðu orðum sem höfð hafa verið uppi um öflugan stuðning við þróun máltækni. Einungis þannig er hægt að tryggja að íslenska sé gjaldgeng í öllum sínum og samskiptatækjum í framtíðinni. Góð stefnumótunarvinna hefur verið unnin en henni þarf að

fylgja eftir með auknu fjármagni eins og nú hefur myndast samstaða um á þingi. Þar má ekki gleyma mikilvægi menntunar á sviði máltækni.

Íslensk málnefnd vill einnig beina sjónum að netheimum í heild sinni. Þannig er afar mikilvægt að aðgengi að íslenskum orðabókum sé ekki síðra en að erlendum orðabókum. Í ljósi þess mikla stuðnings sem íslenska þarf umfram tungur milljónaþjóða skýtur skökku við að hægt sé að nálgast ókeypis aðgengilegar orðabækur t.d. á dönsku, ensku, þýsku og frönsku á netinu en ekki á íslensku. Stjórnvöld komast ekki hjá því að taka þátt í átaki til að tryggja óheft aðgengi að upplýsingum um íslenskt mál.

Mikilvægt skref í þessa átt er að hægt verði að nálgast gamlar og nýjar orðabækur, nýyrðasöfn, orðtakasöfn og hugtakasöfn gjaldfrjálst og rafrænt á einum stað. Það á einnig við um handbækur um málfar og stafsetningu. Sumt af þessu er þegar til og opið og endurgjaldslaust en annað er bundið höfundarrétti.

Íslensk málnefnd mun reyna að vekja athygli stjórnvalda á mikilvægi þess fyrir vöxt og viðgang tungumálsins að almenningur hafi greiðan aðgang að uppflettiritum sér að kostnaðarlausu. Hið sama á við um aðgang að hvers konar alfræðiritum; efla þarf gjaldfrjálsa birtingu slíks efnis á netinu, bæði íslenskrar gerðar wikipediu og annars fræðsluefnis, bæði um íslenska sögu og menningu en einnig um heiminn allan. Ástæða er til að hvetja hið opinbera til stefnumótunar þegar kemur að fræðslumöguleikum netsins.

Stuðla þarf að því að vandaðir íslenskir textar verði aðgengilegir á netinu í mun ríkara mæli en nú er, til dæmis úrvalstextar fremstu höfunda og skálda. Jón Sigurðsson og Jónas Hallgrímsson eiga að vera auðfundnir á netinu engu síður en Shakespeare. Einkum vantar fjármagn og mannafla til að koma á netið þeim mikla menningararfi sem ekki er í höfundarrétti en stjórnvöld geta einnig liðkað fyrir því að höfundarvarið efni verði gert aðgengilegt á netinu með samningum.

Miðlun fjölbreytts efnis á íslensku snýst ekki aðeins um varðveislu og verndun heldur einnig um samtal kynslóðanna (sbr. þingsályktun 36/143, samþykkt 16. maí 2014, um varðveislu menningararfleifðar á stafrænu formi). Aldrei má missa sjónir á því markmiði að samhengi málsins haldist órofið þannig að Íslendingar framtíðarinnar geti áfram skilið eldri texta og notið þeirra. Enginn efi er á að gagnabankar á borð við tímarit.is, bækur.is eða söfn Árnastofnunar hafa haft mikil áhrif og bætt aðgengi að eldri íslensku efni. Brýnt er að efni af þessu tagi rati til sem flestra.

Íslensk málnefnd hvetur stjórnvöld til að taka þetta mikilvæga málefni föstum tökum, móta aðgerðaráætlun um framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi og hrinda af stað átaksverkefnum í góðri samvinnu við sérfræðinga á sviðinu.